

Nýsköpunar- og listabraut

Brautin er ný og var stofnuð með það í huga að breikka námsframboð skólans og höfða til þess fjölda nemenda sem sækir um skólavist og hefur sérstakan áhuga á listum og (ný)sköpun. Námið samanstendur af kjarnagreinum sem fléttast saman við skapandi greinar, s.s. leiklist, myndlist, heimspeki, skapandi skrif og stafræna hönnun, ásamt viðskiptatengdum greinum.

Að loknu námi skal nemandi hafa færni til að:

- takast á við frekara nám á háskólastigi á fjölbreyttum sviðum, s.s. í listum og félags- og hugvísindum
- takast á við fjölbreytt störf og verkefni, einkum á sviðum skapandi greina
- tileinka sér fjölbreytta hugsun við lausn mála, hugsun sem er allt í senn, fræðileg, listræn og viðskiptaleg

Sameiginleg markmið allra brauta eru að nemendur verði færir um að:

- sýna frumkvæði, ábyrgð og umburðarlyndi og beita gagnrýnni hugsun
- meta og skilja menningarleg verðmæti
- gæta jafnréttis á öllum sviðum og efla með sér ríka siðferðisvitund
- meta upplýsingar um samfélagið, umhverfið og náttúruna
- taka þátt í umræðum og rökstyðja mál sitt á málefnalegan hátt
- virða skoðanir annarra og geta leyst verkefni í samvinnu við aðra
- miðla upplýsingum í ræðu og riti, jafnt á íslensku sem og erlendum tungumálum
- geta nýtt sér nýjustu upplýsingatækni til að leysa fjölbreytt verkefni

Námsgreinar á nýsköpunar- og listabraut eru:

Námsgrein	Ein
Íslenska	21
Enska	15
Íþróttir	6
Tölvunotkun/upplýsingat.	5
Þriðja mál	15
Danska/Norðurlandamál	10
Saga	10
Viðskiptagreinar	10
Lífsleikni	3
Vélrítun	2
Stærðfræði	15
Enska	10
Náttúruvísindi	10
Lögfræði	5
Heimspeki og listir	5
Hönnun	10
Listasaga	5

Listgreinalína samanstendur af sex mismunandi áföngum, samtals 30 ein, og að auki velja nemendur fjóra áfanga, 20 ein, sem frjálst val.

Listgreinalína

Ritlist

Hönnun/fyrirtækjasmiðja

Menning og listir

Leiklist

Sjónlist

Lokaverkefni

Val – 4 áfangar